Most fluid inclusions in the main feed zone (3000–3180 m) have similar Fe-Na-K ratios as seawater (Li, 1991) and the geothermal fluid sampled at the well head or at shallow depth (Hannington et al., 2016; Óskarsson and Galezka, 2017) (Fig. 1). Only 12% of the fluid inclusions show elevated Fe/Na ratios relative to seawater at this depth. In contrast, the Fe-Na-K molar ratios at the bottom of the borehole (4659 m) are close to 1:1:1 and all fluid inclusions fall in a well-defined, narrow range (Bali et al., 2020) (Fig. 1). Fluid inclusions in core 3 (3648 m) and core 10 (4310 m) show a large compositional spread, with most inclusions plotting between the shallow geothermal fluid compositions and the fluid sampled at the bottom of the borehole, with a few inclusions having very high Fe/Na molar ratios (Fig. 1). Although the Cl/B ratios are highly variable at all depths due to phase separation (Hüne et al., 2023, this volume), the average Cl/B ratio at each depth is close to that of seawater. Fluid inclusions in core 10 also contain elevated amounts of trace metals (e.g., median concentrations of Cu, Zn and Ag of 638, 2864 and 1.4 ppm, respectively) compared to those in the main feed zone samples (median concentrations of Cu, Zn and Ag of 4.7, 34.1 and <0.2 ppm, respectively).

The described elemental variation can be explained by the following processes: 1) The close match of Cl/B ratios to seawater suggests seawater origin for the geothermal fluid down to ~4650 m depth, with only a minimal contribution from magma degassing; 2) Increased fluid-rock interaction with depth leads to relative depletion in Na and an increase in Fe in the geothermal fluid. The loss of Na is the result of extensive albitionization in the shallow part of the geothermal system (Friðleifsson et al. 2017), whereas increased Fe and other heavy metal content is the consequence of mobilization/leaching by high-chlorinity fluid from metabasalts

and metagabbros; 3) The compositional spread at 4310 m depth can be explained by 3-phase immiscibility (vapour-salt-brine; Huene, 2023 and Huene et al., 2023), where each individual inclusion trapped various amounts of each fluid endmember and salt grains. The precipitation of Fe- and Na-rich salt at these conditions might decrease the permeability of the rock; 4) The Fe- and K-rich saline fluid transports significant amount of Cu, Zn, Ag, and other metals. These metals are mainly deposited from the fluid in Fe-rich sulphides (Friðleifsson et al. 2017) at depth greater than the main feed zone (3000-3180 m), where fluid inclusions contain these cations in one to two orders of magnitude lower abundances than at the depths of cores 11, 10 and 3.




Figure 1: Variation of Fe, K and Na molar proportions in fluid inclusions from the IDDP-2 borehole. Compositions measured in this study are compared to seawater composition (Li, 1991), the geothermal fluid of the Reykjanes system sampled at shallow depth (Hannington et al., 2016) and at well heads (Óskarsson and Galezka, 2017), and fluid inclusions from the bottom of the borehole (Bali et al., 2020). Note compositions at the Reykjanes well heads overlap with the well head and shallow composition of RN-15/IDDP2.

References:

- Bali, E., et al. (2020): **Geology**, 48 (12): 1221–1225; Friðleifsson, G.O., et al., **JVGR**, 391, 106435; Friðleifsson, G.O., et al., (2017): **Sci. Dril**, 23, 1-12; Hannington, M., et al., (2016): **Nature Geoscience**, 9, 299–302; Huene L. (2023): **MS thesis in Geology**. Faculty of Earth Sciences School of Engineering and Natural Sciences, University of Iceland. pp. 112.; Huene L., et al. (2023), **this volume**; Li, Y.H., (1991): **GCA**, 55, 3223–3240; Óskarsson, F., Galezka, I.M., (2017): **Iceland GeoSurvey (ÍSOR) Report** 2017/020 for HS Orka, 118 p.

Fingraför forns ísstraums í Bárðardal

Ívar Örn Benediktsson¹, Sigurrós Arnardóttir², Ólafur Ingólfsson¹, Sarah Principato³ & Marion McKenzie^{3,4}

1 Jarðvísindastofnun Háskólangs

2 Colas Ísland

3 Department of Environmental Studies, Gettysburg College, Pennsylvania, USA

4 Department of Environmental Science, University of Virginia, USA

Ísstraumar eru hraðskreiðir farvegir í stórum meginjöklum. Um þá fer megnið af ís og seti sem jöklarnir skila af sér til jaðranna. Í undirlagi meginjökla má því þekkja fingraför ísstrauma í formi straumlínulaga landforma, s.s. jökulalda og risakembna (*e. drumlins and mega-scale glacial lineations*) sem myndast og mótaði við samspil setmyndunar og rofs og hraðs jökulskriðs. Í þessari rannsókn hafa slík landform verið kortlög í og austur af Bárðardal á Norðurlandi í þeim tilgangi að varpa ljósi á legu og virkni ísstraums í þessum hluta íslenskra meginjökulsins. Nákvæm kortlagning og greining á landformunum leiðir í ljós að þau eru mjög flöng og liggja að miklu leyti samsíða, með stefnu frá 333° - 11° N. Dreifing landformanna bendir til að ísstraumurinn við Bárðardal hafi verið a.m.k. 62 km langur og 16 km breiður. Athuganir á setgerð og byggingu í þremur sniðum sýna að landformin eru að mestu úr flögóttum jökulruðningi með innlyksum af aðgreindum og lagskiptum sandi og silti sem orðið hefur fyrir hnígandi aflögun. Hin hnígandi aflögun í fínkornóttu seti er talin geta bent til þess að hár vatnsþrýstingur undir jöкли hafi stuðlað að auknum skriðhraða. Rannsóknin varpar ljósi á tilvist og umfang ísstraums í íslenska meginjöklinum á Norðurlandi og myndun straumlínulaga landforma undir hraðskreiðum jöklum.

Öskjuvatn 1975, 2012 og 2013

Jón Ólafsson¹, Sveinbjörn Steinþórsson¹, Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir²
& Kári Kristjánsson²

1 Jarðvísindastofnun Háskólangs, Öskju, Sturlugötu 7, 101 Reykjavík

2 Vatnajökulsþjóðgarður, Urriðaholtsstræti, 210 Garðabær

Öskjuvatn myndaðist eftir sprengigos í Dyngjufjallaöskju 1875. Það er dýpsta stöðuvatn landsins, 212m. Á þriðja áratugi síðustu aldar voru eldgos í grennd við vatnið og eyja myndaðist í vatninu. Hér verður greint frá þremur ferðum á Öskjuvatn til rannsóknna á hitastigi og uppleystum efnum í vatninu. Í öllum ferðunum voru notuð tæki frá Hafrannsóknastofnun. Rannsóknir í ágúst 1975 leiddu í ljós háan styrk uppleystra efna og skýr áhrif jarðhita á vatnið (Ólafsson 1980). Ennfremur sáust margar heitar uppsprettur við jaðra vatnsins með hitastig á bilinu 10° til 84°C. Hitastig dýpst í vatninu var rétt við 4°C en í yfirborði röskar 6°C. Merki um jarðhita voru á um 80 m dýpi út af Mývetningahrauni. Þar er að jafnaði vöök á ísilögðu vatninu. Í febrúar 2012 tók vökin að staekka og í lok mars var vatnið með öllu íslaust. Dagana 14. til 16. apríl 2012 var farið með CTD (Conductivity Temperature Depth) tæki sem skráir leiðni, hitastig og dýpi og það notað á 23 stöðum í vatninu. Í þessari ferð var einnig lagt bauju í dýpsta hluta vatnsins. Á streng milli botns og yfirborðs voru festir síritandi hitanemar frá Stjörnu Odda. Þessi bauja slitnaði upp þegar skriða fíll í Öskjuvatn í júlí 2014 en þó tókst að endurheimta efsta hluta lagnarinnar. Árið 2013 í apríl var Öskjuvatn ísilagt og vökin á sínum stað. Þá var farið um vatnið, gerð göt í ísinn og CTD tækið notað á 20 stöðum. Hér verður rýnt í gögn frá 2012 og 2013 og leitað svars við því hví Öskjuvatn varð íslaust veturni 2012 en ekki á sama tíma árið eftir.

Heimild

Ólafsson, J. (1980). "Temperature structure and water chemistry of the caldera Lake Öskjuvatn, Iceland." *Limnology and Oceanography* **25**: 779-788.


Jarðskjálftamælingar með ljósleiðum

Kristín Jónsdóttir¹, Andreas Fichtner², Sara Klaasen², Yesim Cubuk-Sabuncu¹, Sölvi Þrastarson², Jean Soubestre¹, Patrick Paitz², Sigríður Kristjánsdóttir¹, Vala Hjörleifsdóttir³ & Stefán Trausti Njálsson⁴

1 Veðurstofa Íslands, 2 ETHZ, 3 Orkuveita Reykjavíkur, 4 Neyðarlínan


Nýlega hefur orðið bylting í jarðskjálftafræði þar sem ljósleiðarar hafa verið notaðir til mælinga í stað hefðbundinna jarðskjálftamæla. Algeng tækni við þessar mælingar er svokölluð DAS aðferð (enska: Distributed Acoustic Sensing) sem byggir á að nota ljósleiðara sem liggur í jörð ásamt sérútbúinni tölvu eða þráspyrli (e:interrogator). Þráspyrill sendir laserpúlsa í gegnum glerþráð og mælir endurkast. Endurkastið kemur fram vegna innbyggðra óhreininda í glerþráðum ljósleiðararans og mælist frá ótal endurkastflötum eftir leiðaranum. Ef staðbundin aflögun verður á ljósleiðaranum, t.d. af völdum jarðskjálfta eða annarra titringsgjafa, mælist fasamunur á endurkasti sem hægt er að meta sem aflögun ljósleiðarans með nanometra nákvæmi. DAS mælingar skila miklu gagnamagni í hárrí upplausn, þ.e. hægt er að skilgreina mælipunkta eftir ljósleiðaranum þar sem hver þeirra virkar eins og jarðskjálftamælir. Þannig er hægt að bæði nýta ljósleiðara sem þegar eru hluti af hefðbundu gagnaflutningskerfi á landi og í sjó, auk þess að plægja ljósleiðara á áhugaverð svæði. Tíðnisvið mælinganna er breitt, þ.e. hægt er að mæla litla skjálfta með hárri tíðni, en auk þess mæla mjög hægar bylgjur.

Í erindinu verða kynntar nýlegar niðurstöður frá ljósleiðaramælingum á Íslandi: í Grímsvötnum í Vatnajökli, af eldgosi við Fagradalsfjall og af titringi sem mældist á Hellisheiði frá loftsteini.



Myndin sýnir hvernig eldgosórói frá eldgosinu við Fagradalsfjall 2021 mældist annars vegar á jarðskjálftamæli og hinsvegar á ljósleiðara.

Vorráðstefna Jarðfræðafélags Íslands
10. mars 2023




Myndin sýnir samfelldar mælingar í u.p.b. 7 mínútur á 80 metrum löngum kafla á ljósleiðara á Langahrygg. Mælingarnar sýna gosóróa, jarðskjálfta og jafnvel fólk á gangi.

EPOS, Evrópska flekamælikerfið og þróun íslenskra FAIR gagnabjónusta til framtíðar

Kristín S. Vogfjörð¹, Ríkey Júlíusdóttir¹, Magnús T. Guðmundsson²,
Guðmundur Valsson³, Lovísa Ásbjörnsdóttir⁴, Þorbjörg Ágústsdóttir⁵ &
EPOS Ísland hópurinn

¹⁾Veðurstofa Íslands, ²⁾Háskóli Íslands, ³⁾Landmælingar Íslands, ⁴⁾Náttúrufræðistofnun Íslands og ⁵⁾ÍSOR/Íslenskar Orkurannsóknir

EPOS (*European Plate Observing System*), eða Evrópska flekamælierfið sem er samstarf um gerð rafrænna innviða til að þjónusta opið, FAIR aðgengi að jarðvísindagögnum og rannsóknarinnviðum stofnana og háskóla víðs vegar um álfuna, hefur verið í þróun seinustu tólf árin. Upphaflega sem verkefni styrkt af evrópska vegvísinum um uppbyggingu rannsóknarinnviða (ESFRI, *European Strategic Forum for Research Infrastructure*), en hefur seinustu þrjú árin starfað sem innviðasamtökin **EPOS ERIC** (*European Research Infrastructure Consortium*), með þátttöku 17 Evrópulanda (**Mynd 1**). EPOS ERIC hefur „Landmark“ status, sem einn af lykil rannsóknarinnviðum sem auka samkeppnishæfni evrópska vísindasamfélagsins á alþjóðavettvangi.




Mynd 1. Aðildarlöndin (græn) að EPOS ERIC innviðasamtökunum.

Samhliða uppbyggingu EPOS á vegvísinum hefur Evrópusambandið styrkt jarðskjálfta- og eldfjallasamfélögin í sérstökum rannsóknarverkefnum sem miða að eflingu rannsókna-samstarfs og auknu aðgengi að rannsóknarinnviðum og stöðluðum, gæðayfirförnum gögnum samkvæmt **FAIR** (*Findable, Accessible, Interoperable, Reusable*) staðli. Evrópu-samstarfsstyrkirnir, þó verulegir séu, miða þó eingöngu að því að stuðla að og auka opið aðgengi að innviðum sem aðildarlöndin eiga og reka fyrir eigið fé, ásamt þeim gögnum sem safnað er í mælikefum og rannsóknarstofum aðildarlandanna. Styrkirnir byggja því ofan á grunnfjárfestingu aðildarlandanna sjálfra í eigin rannsóknarinnviðum (**Mynd 2**).

Á uppyggingartímabilinu hafa fjölpáttu jarðvísindagögn og úrvinnsluhugbúnaður verið gerð aðgengileg í þjónustum sem leyfa leit (*Findable*), niðurhal (*Accessible*) og samkeyrslu (*Interoperable*) gagna. **Yfir 250 EPOS þjónustur** eru nú virkar og margar nýjar eru í framleiðslu. Þjónusturnar veita aðgengi að gögnum og afurðum í miðlægri gagnagátt **EPOS**.

Data Portal, á lendingarsíðum þeirra 10 fagþjónusta (**Thematic Core Services**: Seismology, GNSS, Tsunami, Near-Fault, **Volcano**, Geomagnetic, Satellite, Geology, Multi-scale Labs., Anthropogenic Hazard) sem standa að EPOS, eða á lendingarsíðum þeirra stofnana sem reka þjónusturnar og ábyrgjast rekstur þeirra til framtíðar (*Reusable*).



Mynd 2. Tímalína rannsóknar- og innviðaverkefna sem standa að baki eða tengjast uppbrygginingu á EPOS ERIC og/eða EPOS Ísland rannsóknarinnviðunum. Framlag hvers styrks til Veðurstofunnar er sýnt. Innviðaverkefnin í efstu og neðstu röð hafa staðið undir þróun íslensku rafrænu innviðanna. Rannsóknaverkefnin þrjú í miðröðinni tengjast einnig öll EPOS að einhverju leyti; allt frá því að skila mikilvægum gögnum og niðurstöðum inn í þjónusturnar, upp í að, eins og t.d. EUROVOLC, standa að verulegu leyti undir stöðlun og gæðayfirferð eldfjallagagna og skilgreiningum á „best practices“ við mælingar og gagnaúrvinnslu.

Ísland, undir forystu Veðurstofu Íslands hefur verið þáttakandi í EPOS frá upphafi, auk samstarfsaðila í Háskóla Íslands og Landmælingum Íslands. Á þessum 12 árum hafa ýmis fjölbátta jarðvísindagögn og lýsigögn þeirra verið stöðluð og gæðayfirfarin, þeim komið í gagnagrunna, og FAIR þjónustur þróaðar. **Veðurstofan rekur 15 þjónustur** sem veita aðgengi að gögnum frá öllum íslensku þátttakendum í EPOS (<https://docs.epos-iceland.is>). Þjónusturnar tilheyra allar **Eldfjallaþjónustunni (VOLC-TCS)**^[1], þar sem fyrst um sinn er áherslan á gögn og afurðir frá óróa- og eldgosatímabilum í eldstöðvum Íslands. Sum gögn eru þó þjónustuð af viðeigandi fagþjónustu, eins og t.d. jarðskjálftagögn sem enn um sinn er dreift frá Orfeus gagnaveitunni (<https://orfeus-eu.org>) og jarðfræðikort sem er dreift af jarðfræðipjónustunni (Geology TCS).

Frá 2021 hefur íslenska samstarfið, **EPOS Ísland** verið veglega styrkt af Innviðasjóði undir **íslenska vegvísinum um uppbryggingu rannsóknarinnviða** og hefur það stórkostlega efti innviðauppbryggininguna, bæði í formi aukins gagnaðgengis og í formi hugbúnaðarþróunar. Þá hafa einnig tvær stofnanir til viðbótar, Náttúrufræðistofnun og ÍSOR gengið inn í samstarfið og eykur það enn frekar á fjölbreytni gagna. Undir vegvísisverkefninu er stefnt að gæðayfirferð og opnun FAIR aðgengis að gögnum úr stærstum hluta jarðskjálfta- og GPS-mælaneta landsins ásamt miklum fjölbreytileika jarðvísindagagna og afleiddra afurða. Einnig mun verða uppbryggingu á öflugum vélbúnaði til að hýsa gögn og þjónusta óhindrað aðgengi að þeim. EPOS þjónusturnar munu hafa mikið gildi fyrir menntun og rannsóknir í jarðvísindum á Íslandi og munu efla þátttöku Íslendinga í erlendum rannsóknarverkefnum, þar sem framtíðarkröfur gera ráð fyrir að öll gögn og afurðir verði stöðluð, gæðayfirfarin og sett í FAIR opið aðgengi.

Vorráðstefna Jarðfræðafélags Íslands
10. mars 2023

[¹] Puglisi, G., D. Reitano, L. Spampinato, K. S. Vogfjörd, S. Barsotti, L. Cacciola, A. Geyer, D.S. Guðjónsson, Y. Guehenneux, J. Komorowski, P. Labazuy, A. Lemarchand, R. Nave, J. Saurel, P. Bachelery (2022). The integrated multidisciplinary European volcano infrastructure: from the conception to the implementation, *Annals of Geophysics*, special issue: EPOS a Research Infrastructure in solid Earth: open science and innovation, 65, 3, M320, 2022; <https://doi.org/10.4401/ag-8794>

Strain Localization at Volcanoes Undergoing Extension: Investigating Long-term Deformation at Krafla and Askja in North Iceland

Chiara Lanzi¹, Freysteinn Sigmundsson¹, Halldór Geirsson¹, Michelle Maree Parks² & Vincent Drouin²

¹ Nordic Volcanological Center, Institute of Earth Sciences, University of Iceland

² Icelandic Meteorological Office, Reykjavík, Iceland

Ground deformation at volcanoes in extensional settings may occur because of strain localization. The magmatic system of a volcano with its liquid magma, magma mush, and hot crust will cause a rheological anomaly, where material properties may be very different from surrounding crust and mantle. Numerical models based on the Finite Element Method (FEM) are used to explore expected ground deformation at such volcanoes, considering heterogeneous multi-layered structure and elasto-viscoelastic rheology. The effects of localized lateral and vertical variations, in terms of geometry of the magmatic system and material properties of the crust, are explored in a model domain undergoing stretching, at an applied rate of ~17.4 mm/yr, perpendicular to the lateral domain boundaries.

A one-layer model displays the same elastic feature throughout the whole domain except for a localized upper crustal volume with lower elastic properties, compared to the surrounding crust, to simulate the highly fractured and altered near-surface crust. In a two-layer model, the top elastic layer overlies a viscoelastic layer that locally reaches shallower levels (~2 km depth) to symbolize the magmatic system beneath the shallow low-rigidity volume previously introduced. The models reveal a localized deformation signal at the volcano, influenced by the amount of stretching (tectonic setting), and by both the volume and the viscosity value of the up-doming material. A model with viscosity of 5×10^{19} Pa s in the up-doming material, and a 7 – 15 km-thick elastic layer, show a small subsidence rate, ~0.1 – 0.4 mm/yr. The localized subsidence rate increases from 1.9 to 5.5 mm/yr as the viscosity decreases from 10^{18} Pa s to 10^{16} Pa s in the up-doming material. Lower viscosities ($<10^{16}$ Pa s) show no further change in subsidence rate.

We apply three-dimensional FEM models to improve understanding of the deformation at the Krafla and Askja volcanic systems (1989-2018 and 1983-2018, respectively) in the Northern Volcanic Zone of Iceland. The two subsiding areas lie in about 50 km-wide zone which marks the North America-Eurasia divergent plate boundary. The rate of localized subsidence at Krafla was ~1.3 cm/yr in 1993-2000 and slowed down to 3-5 mm/yr in 2006-2015. The rate of localized subsidence at Askja decayed more slowly than Krafla. During the 1983-1998 the subsidence rate was ~5 cm/yr; in 2000-2009 it was ~2.5 cm/yr. Comparison of FEM models to geodetic data in North Iceland suggests that plate divergence processes may account for part of the observed subsidence, dependent on how extensive rheological anomalies in relation to magma are beneath the volcanoes.

The role of segregation process in lava flow degassing

Nicolas Levillayer¹ & Olgeir Sigmarsson^{1,2}

¹ Institute of Earth Sciences, University of Iceland

² Laboratoire Magma et Volcans, CNRS, France

Upon lava flow emplacement and cooling, crystallisation and degassing interact. Crystallisation will increase the volatile concentration in the melt, until saturation and formation of a gas phase. The exsolved gas generates a pressure gradient pushing the residual melt from the interlocked crystal network towards lower pressure (i.e., gas filter-pressing, Anderson et al., 1984). This process results in the formation of segregation structures filled with evolved melt, such as vesicle cylinders (VC), horizontal vesicle sheets (HVS) and megavesicles (MV) (Thordarson & Self, 1998), and is likely to be an important mechanism during the outgassing of the lava. To investigate the segregation process and its link with degassing, we sampled host lava (HL) and diverse segregation products (SPs) in four basaltic lava flows in Iceland of different composition (two tholeiites and two FeTi-rich transitional basalts) and size. These samples were analysed for major and (ultra-)trace element composition, including the volatile metals and metalloids.

Overall, these measurements revealed SPs with evolved compositions with respect to the host lava. The SPs compositions are well explained by 35 to 65 % fractional crystallisation of the HL, the MVs being generally the most evolved. This trend was confirmed by the mineralogical phase assemblage and composition (e.g., HL with more primitive mineral composition, no olivine in the evolved MV). Petrological observation indicates high vesicle content in all the SPs, whereas the amount of phenocryst and residual glass is variable. This translates potential to other processes in addition to fractional crystallisation of the HL taking place during the segregation such as melt escape and phenocryst capture.

The mineralogical analysis also revealed that some volatile metals, such as Zn, Sn and Cd, were relatively compatible in the crystallising minerals, depleting them in the residual melt. The volatile metals show a specific behaviour in some SPs, displaying enrichment factors (over HL) superior to those of the most incompatible elements (Th or U), reaching up to seven for Pb and 12 for Bi. Occasionally, the elements As, Bi, Cd, Cs, Mo, In, Pb, Pt, Sb, and Sn were of anomalously high concentration (Figure 1), which cannot be explained by fractional crystallisation alone. Such an enrichment is readily explained by the involvement of the gas phase, rich in the most volatile metals and metalloids. The enrichments being not ubiquitous might indicate that in some cases the gas phase successfully escape the segregation system, whereas in other cases, part of it is trapped, creating volatile enriched SPs.

Our results thus agree with the model in which segregation products result from fractional crystallisation of the host lava and are segregated by gas filter-pressing. We however point out that other processes might take place simultaneously such as liquid loss and crystal gain, highlighting the dynamical nature of the segregation formation. The important vesiculation of our SPs and the sporadic enrichment of volatile metals in SPs support the idea of a strong involvement of the gas phase in the segregation process and thus the role of this latter in lava degassing and toxic metal emission to the atmosphere.

Vorráðstefna Jarðfræðafélags Íslands
10. mars 2023




Figure 3: Enrichment factors over host lava of the different segregation products of a Hekla basalt. The SPs SB1, SB2 and HVS show similar enrichment factor for most elements, apart from the volatile metals and metalloids which are significantly more enriched in SB2 (green curve).

References

- Anderson, A. T., Swihart, G. H., Artioli, G., & Geiger, C. A. (1984). Segregation Vesicles, Gas Filter-Pressing, and Igneous Differentiation. *The Journal of Geology*, 92(1), Article 1. <https://doi.org/10.1086/628834>
- Thordarson, T., & Self, S. (1998). The Roza Member, Columbia River Basalt Group: A gigantic pahoehoe lava flow field formed by endogenous processes? *Journal of Geophysical Research: Solid Earth*, 103(B11), 27411–27445. <https://doi.org/10.1029/98JB01355>

Diversity of intertidal ostracods (micro-crustaceans) from SW Iceland as tool to monitor climate-change impacts

Alejandra García Madrigal¹, Angel Ruiz Angulo² & Steffen Mischke²

¹ Universidad Nacional Autónoma de México, Facultad de Ciencias, Apartado postal 70-399, CP 04510 Ciudad de México, México

² University of Iceland, Institute of Earth Sciences, Sturlugata 7, 102 Reykjavik, Iceland

Ostracods are micro-crustaceans which are typically abundant and diverse in most aquatic environments. They are sensitive to habitat characteristics such as salinity and temperature. Thus, we explored their potential to track impacts of global warming on coastal ecosystems in SW Iceland. In total, 28 surface-sediment samples were collected at low tide from Fossvogur and Kópavogur in fall 2021. As a result, 16 taxa belonging to 10 families common to the Arctic and Temperate Northern Atlantic marine realms were recorded. The assemblage is dominated by *Leptocythere castanea*, *Hemicythere villosa*, *Semicytherura nigrescens*, *Leptocythere lacertosa* and *Hirschmannia viridis*. Higher overall diversity was recorded at locations less exposed to the open sea where wave energy and currents are probably less significant. A comparison with records of shallow marine ostracods from the Arctic and Temperate Northern Atlantic marine realms shows that taxa such as *Baffinicythere emarginata* and *Finmarchinella angulata* apparently occur in SW Iceland at their upper temperature-tolerance limits due to their absence from slightly warmer waters. Consequently, these taxa are most vulnerable to global warming and may serve as tools to monitor impacts of climate change in coastal waters of Iceland. Our study provides an important reference for the intertidal ecosystem in Fossvogur and Kópavogur which might be also affected by future infrastructure development and recreational activities in the region.

Sigkatlar í jöklum á Íslandi

Magnús Tumi Guðmundsson, Þórdís Högnadóttir, Hannah I. Reynolds,
Finnur Pálsson & Eyjólfur Magnússon

Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands, Sturlugötu 7, 102 Reykjavík

Sigkatlar eru víða í íslenskum jöklum, dældir sem myndast þar sem hita gætir við botn jökuksins. Í tengslum við GOSVÁ, sem er samvinnuverkefni Veðurstofunnar, Jarðvísindastofnunar Háskóla, Vegagerðarinnar, Landgræðslunnar og Almannavarna um eldosavá, hefur verið tekið saman yfirlit um þekkta katla í jöklum hér á landi. Greindir hafa verið á annað hundrað sigkatlar, flestir í Vatnajökli. Stærð þeirra er mjög misjöfn. Minnstu katlarnir eru 200-300 m í þvermál meðan sá stærsti, Eystri Skaftárketill, hefur þvermál sem er vel á þriðja kílómetra. Á Grímsvatnasvæðinu eru yfir 30 sigkatlar. Einnig eru margir katlar í Mýrdalsjökli. Að auki er katla að finna við flestar megineldstöðvar þar sem ísþekja er umtalsverð: Í Bárðarbungu, Kverkfjöllum, nærrí Þórðarhýrnu, í Öræfajökli, Torfajökli, Hofsjökli og Langjökli. Skipta má sigkötlum í goskatla og jarðhitakatla. Goskatlar eru eðli málsins samkvæmt myndanir sem tengjast einstökum eldgosum. Þeir vaxa í hámarksstærð meðan á umbrotunum stendur en síðan grynnka þeir yfirleitt eftir gos. Öll þekkt eldgos sem byrjað hafa undir jöklum hafa myndað slíka katla. Mjög er misjafnt hve lengi þeirra eru að hverfa eftir að gosi lýkur. Stærsta sigdældin sem mælingar eru til um myndaðist í Gjálpargosinu 1996. Hún varð rúmlega 4 km breið og 9 km löng. Hennar sér enn stað, rúmum aldarfjórðungi síðar. Hliðstæð sigdæld en nokkru minni myndaðist á sama stað í gosinu 1938. Grunnir sigkatlar sem urðu til á nokkrum stöðum yfir ganginum sem myndaðist milli Bárðarbungu og Holuhrauns haustið 2014, hurfu á nokkrum misserum. Þessir katlar eru taldir hafa myndast í skammvinnum smágosum. Lögun og krappi goskatla ræðst einkum af ísþykkt á gosstað. Þar sem ís er mjög þykkur (>300 m) hafa goskatlar tillhneygingu til að vera víðari og grynnri vegna verulegra áhrifa ísskriðs á lögun ketilsins. Sé ísinn þynnri, verður lítið sig kringum ketilinn, gosið bræðir sig í gegn og jaðrar hans eru lóðréttir ísveggir. Á síðustu árum hafa slíkir katlar myndast í gosum í Grímsvötnum og Eyjaajallajökli. Jarðhitakatlar eru oftast mun grynnri, yfirleitt með aflíðandi brekku niður í botn og stundum eru jökuksprungur í jöðrunum. Sumir jarðhitakatlar safna vatni við jökulbotn og hlaupa reglulega, þekktasta dæmið eru Skaftárkatlarnir. Meirihluti jarðhitakatla safnar þó ekki umtalsverðu vatni. Sumir leka nokkuð stöðugt, en aðrir hækka um nokkra metra á veturna og lækka síðan um eða eftir mitt sumar þegar vatnið sem safnast hefur á vetrinum nær framrás í smáhlaupum/nokkurra daga auknu rennsli. Nokkrar sveiflur eru í jarðhitavirkni í sumum eldstöðvum. Myndun og stækkun sigkatla er stundum eitt helsta merkið um aukna virkni í eldstöð. Í Grímsvötnum hafa komið tímabil með aukinni jarðhitavirkni á undan eldgosum. Á undanförnum 25 árum hefur öðru hvoru orðið aukning í jarðhita í Köllu, sem komið hefur fram sem dýpkun katla yfir ákveðin tímabil. Þessi jarðhitaaukning hefur ekki verið undanfari eldgosa og stækkunin gengur oftast til baka á fáum árum. Í Öræfajökli haustið 2017 varð skyndileg aukning í jarðhita sem stóð í um two mánuði. Þá myndaðist rúmlega 20 m djúpur og 1100 m breiður ketill. Hann hvarf að mestu á næstu tveimur árum. Í Bárðarbungu óx jarðhiti mjög með öskjusiginu 2014–15. Þar eru enn verulega öflug jarðhitasvæði, átta árum eftir umbrotin. Öðru hvoru verða atburðir þar sem skyndilega koma umtalsverð hlaup og katlar stækka mjög. Þetta gerðist í Mýrdalsjökli 1955, 1999 og 2011, og við Hamarinn 2011. Skiptar skoðanir eru um hvort smágos hafi valdið þessum hlaupum eða hvort tímabundin aukning í jarðhita og meiri uppsöfnun vatns sé um að kenna.

Trace element transport in volcanic gases at Vulcano, Italy

Celine L. Mandon¹, Hanna Kaaslainen¹, Sergio Calabrese^{2,3}, Everett L. Shock^{4,5}, Panjai Prapaipong⁴, Walter D'Alessandro³, Franco Tassi⁶, Ingvi Gunnarsson⁷, Jóhann Gunnarsson-Robin¹ & Andri Stefánsson¹

1 Nordic Volcanological Center, Institute of Earth Sciences, University of Iceland, Sturlugata 7, Reykjavík 102, Iceland

2 Dipartimento di Scienze della Terra e del Mare (DiSTeM), Università di Palermo, Palermo, Italy.

3 Istituto Nazionale di Geofisica e Vulcanologia, Sezione di Palermo, Palermo, Italy

4 School of Earth and Space Exploration, Arizona State University, Tempe, AZ, USA

5 School of Molecular Sciences, Arizona State University, Tempe, AZ, USA

6 Department of Earth Sciences, University of Florence, via La Pira 4, Firenze 50121, Italy

7 Reykjavík Energy, Bæjarháls 1, 110 Reykjavík, Iceland

Despite our perception of gold as a shiny precious metal, a small amount of gold is actually transported by magmatic gases and emitted in the atmosphere at most volcanoes on Earth. This gaseous transport is made possible by the very nature of volcanic gases: high-temperature non-ideal water vapor-dominated mixture of gases, also containing other major constituents such as sulfur, carbon dioxide and halogens. This combination allows for volatile transport of virtually all elements from the periodic table, through the formation of gaseous compounds between trace elements and major gas species. However, the complexity of volcanic gases also makes them difficult to apprehend; little is known on the solubility and behavior of trace elements. Moreover, the gas composition varies with time and space, while changes in pressure and temperature occur between gas exsolution from the magma and emission at the surface. Interactions between the gas phase and surrounding rocks and fluids can furthermore affect volcanic gases on their way to the surface. In this work, we explore the transport processes controlling the abundance of trace elements in volcanic gases. We use major and trace element composition from fumarolic gases from Vulcano, Italy sampled over a 14-year period and during both background emissions and unrest. The variations in trace element abundance are discussed as a function of time, space and sampling method, and compared with thermochemical modelling using HSC Chemistry software. We explore the factors that affect the trace element transport in volcanic gases, such as 1) cooling of the gas from the exsolution temperature to the emission temperature at the surface, 2) pressure decrease from the depth of exsolution to atmospheric pressure, 3) composition of the gas and therefore ligand availability, 4) transport rate and its effect on mineral deposition from the gas.

This work was funded by a NordVulc postdoctoral fellowship.

Zonnedorpen: a case study of a citizen initiative in an adaptation of sustainable energy

Yulita Muspitasaki

Research Master Student in Islands and Sustainability at the University of Iceland and the University of Groningen

Citizens are increasingly affected by the energy crisis, particularly in Europe. While it is critical to involve citizens in developing sustainable solutions to the energy crisis, significant portions of the population continue to have little engagement in their communities to address these issues. As a result, the discussion of citizen engagement is gaining importance to strike a balance between government and citizens. This research examines the Zonnedorpen energy cooperative in the Netherlands in light of the escalating energy transition in their communities. This study aims to examine how the Zonnedorpen energy cooperative influences the municipality's adaptation to sustainable energy. This qualitative study uses secondary data collected from the cooperative's website, newsletters, and interviews with local media. The results were analyzed using the theoretical framework of the concept of conditions and place-based governance for sustainability. The finding suggests that Zonnedorpen influenced the adaptation of sustainable energy transition in the municipality by providing favorable conditions and motivations for technological adaptations. Conditions and motivations influence community actions, including community engagement, collaborative learning, information sharing, and social networking. As a result, Zonnedorpen has developed three innovative projects, including natural gas-free transportation, energy production, and energy storage, that contribute to the municipality's adaptation of a sustainable energy transition. As there are more emerging citizen initiatives at the moment, citizen initiatives on energy transition in other parts of Europe could be further studied to provide a better understanding of organizing their initiatives and influencing local policies.

Ice-stream shutdown during deglaciation: evidence from the Iceland Ice Sheet

Nína Aradóttir¹, Ívar Örn Benediktsson¹, Ólafur Ingólfsson¹, Skafti Brynjólfsson², Wesley R. Farnsworth^{1,3}, Margrét Mjöll Benjamínssdóttir¹ & Lena Björg Ríkharðsdóttir¹

¹ Institute of Earth Sciences, University of Iceland, Sturlugata 7, IS-102 Reykjavík

² Icelandic Institute of Natural History, Borgir við Norðurslóð, 600 Akureyri

³ Globe Institute, University of Copenhagen, Øster Voldgade 5, DK-1350 Copenhagen Denmark

Both modern and palaeo-ice streams experience shutdown which has critical implications for their mass balance and influence on relative sea level rise. Reconstructions of palaeo-ice streams have mainly focused on their phase of active flow but less is understood of their shutdown and style of deglaciation. Mapping of streamlined subglacial bedforms (SSBs), including drumlins and mega-scale glacial lineations, in northeast Iceland reveals cross-cutting flow-sets of palaeo-ice streams within the Iceland Ice Sheet (IIS) during and following the Last Glacial Maximum (LGM). Here we map geometrical ridges (linear and reticular) within the Bakkafloi and Þistilfjörður flow-sets and combine the morphological data with sedimentological analyses to increase our understanding of the dynamics of the IIS in northeast Iceland. We interpret the ridges as crevasse-squeeze ridges (CSRs), based on their interconnected network, primary orientation transverse and/or oblique to former ice flow, and internal composition of homogenous subglacial till. In both areas, the CSRs are superimposed on the SSBs, indicating that they post-date the formation of the SSBs and signify the waning stage of ice streaming associated with the readvance of the IIS during the Younger Dryas period. The preservation of the CSRs suggests ice stagnation following the readvance and ice-stream shutdown. The morphological difference of the CSRs between the flow-sets is taken to indicate different spatial-setting within the ice streams; the linear CSRs in Bakkafloi formed further upstream where extensional forces parallel to ice flow dominate, whereas the reticular CSRs in Þistilfjörður suggest transverse and longitudinal forces near the terminal zone. Future research reconstructing past ice-sheet behaviour and ice-stream dynamics would benefit from high-resolution bathymetric data from the adjoining shelf as well as enhanced geochronological constraints.

Hvað veldur Heklugosum?

Olgeir Sigmarsson^{1,2} & Garance Hervé²

1 Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands

2 Laboratoire Magmas et Volcans, Université Clermont Auvergne, Frakklandi

Fyrirvari síðustu Heklugosa var mjög stuttur með litlum sem engum vísbendingum um yfirvofandi gos. Hekla hagar sér því ólíkt flestum öðrum íslenskum eldfjöllum. Til að reyna að skilja betur hegðun hennar hafa gosefni síðustu fimm gosa verið tekin til ítarlegrar athugunar. Sérstök áhersla var lögð á að safna fyrstu gjósku og síðasta hrauni hvers goss. Samsetning steinda og glers hefur verið efnagreind sem geislavirkrt ójafnvægi í ^{238}U - og ^{232}Th - keðjunum.

Ísúra kvikan sem kemur upp í lok sögulegra Heklugosa er basaltískt andesít, af sömu samsetningu í gegnum tíðina. Hún myndast að öllum líkindum við aðskilnað steinda og bráðar eftir 40-60% hlutkristöllun á basaltkviku af líkri samsetningu og basalthraunin umhverfis Heklu. Geislavirkrt ójafnvægi á milli ^{226}Ra og móðursamsætunnar ^{230}Th , en jafnvægi á milli ^{228}Ra og ^{232}Th bendir til að myndun ísúru kvikunnar taki lengri tíma en 30 ár en mun styttri en 200 ár. Kvikan dvelst á það miklu dýpi að vatn er uppleyst í henni og myndar ekki gasfasa.

Lítill breytileiki í steindasamsetningu ísúru hrauna síðustu fjögurra gosa bendir til jafnvægis kristöllunar fremur en hlutkristöllunar og hverfandi líttillar blöndunar ólíkra kvikugerða. Kvikuinnskot að neðan og inn í ísúru kvikuna er því ólíklegur orsakavaldur gosa í Heklu. Nýlegt líkan til skýringar á mælingum á aflögun í borholu styður aukningu á kvikuþrýstingi vegna uppsöfnunar á eldfjallagasi í ísúru kvikunni sem leiðir til goss þegar brotþoli skorpunnar ofan kvikunnar hefur verið náð (Hautmann o.fl. 2017). Samkvæmt líkaninu ætti fyrsta kvikan sem gýs að hafa hærri gasstyrk en sú sem kemur síðar. Til að sannreyna þetta líkan þyrfti að mæla gasstyrkinn en þar sem gasið skilur sig frá kvikunni og sleppur út í andrúmsloftið er styrkurinn illmælanlegur. Mælingar á náttúrulegri geislavirkni kunna að hjálpa þar til.

Geislavirk klofnun ^{226}Ra ($T_{1/2}$: 1600 ár) myndar ^{222}Rn ($T_{1/2}$: 4 dagar) sem síðan brotnar niður og myndar ^{210}Pb ($T_{1/2}$: 22 ár). Radon er eðalgas og ætti því að safnast ásamt CO_2 í þeirri kviku sem fyrst gýs (efst í kvíkuhólfi), klofna niður og mynda ^{210}Pb á stuttum tíma. Blíð leysist upp í bergbráðinni og styrk þess er auðvelt að mæla í gjósku og hrauni. Fyrsta gjóska úr 1947, 1970 og 1991 gosunum hefur óvenju háan ^{210}Pb styrk og mælist hlutfallið ($^{210}\text{Pb}/^{226}\text{Ra}$) hærra en einn sem bendir eindregið til uppsöfnunar á radon og öðrum gastegundum. Jafnframt er hlutfallið ($^{210}\text{Pb}/^{226}\text{Ra}$) hærra í fyrstu kviku gosa eftir langt undangengið hlé, en þeirri sem gýs eftir stutt goshlé. Sama gildir um lengd sprengifasans í sögulegum Heklugosum eins og þekkt er. Hraun sömu gosa ættu að hafa hlutfallið lægra en einn ef þau mynduðust úr kviku sem gaf frá sér radonið og koltvísýringinn, sem söfnuðust saman í fyrstu kvikunni, en nákvæmlega einn ef gasið kom af enn meira dýpi.

Heimild:

Hautmann, S., Sacks, I. S., Linde, A. T., Roberts, M. J. 2017. Magma Buoyancy and Volatile Ascent Driving Autocyclic Eruptivity at Hekla Volcano (Iceland). G-cube 18, 3517-29.

Sagan af zirkon úr Hvítserki

Olgeir Sigmarsson^{1,2} & Jean-Louis Paquette^{2,†}

1 Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands, 101 Reykjavík


2 Laboratoire Magmas et Volcans, Université Clermont Auvergne, France

† Látinn

Hvítserkur á Austfjörðum er gerður úr flikrubergi sundurskornu af basaltgöngum. Í flikruberginu finnast U-ríkar zirkonsteindir ($ZrSiO_4$) sem auðvelt er að aldursgreina með massagreiningu á Pb samsætum. Kristöllun zirkonsteindanna stjórnast af uppleysanleika zirkoníum í kviku og kunna þær að vera allt að tugum til hundruðum þúsundum ára eldri en eldgosið sjálft. Fyrir um tæpum tveimur áratugum var kíslíku bergi safnað úr eldstöðvum Austfjarða og voru 16 zirkonsteindir aldursgreindar úr flikrubergi Hvítserks. Ein steindanna gaf aldurinn 12.5 ± 0.6 Ma (2 \square) en 15 steindir reyndust vera frá Miðlífsöld (120-240 Ma; Paquette et al. 2003) og féll sá aldur vel að tilgátu um hugsanlega legu Jan Mayen hryggjarins inn undir Borgarfjörð eystri. Afleiðingin væri sú að meginlandsskorpa kynni að liggja undir Austfjörðum.

Áður en lærð vísindagrein væri skrifuð um þessa byltingarkenndu niðurstöðu bar að sannreyna mælingarnar og var því gerð önnur ferð að Hvítserki og nýtt flikrubergssýni tekið til greiningar. Þrjátíu og tvær zirkonsteindir fundust en engin þeirra var af Miðlífsaldri. Hvaðan komu þá þessir „gómlu“ zirkonar og voru þeir yfir höfuð íslenskir? Kíslíka bergið sem safnað var af Austfjörðum var sent með sjópósti til Hamborgar og þaðan landleiðina til Frakklands. Til Clermont-Ferrand komu sýnin umpökkuð í sína, þykka plastkassa frá þýska póstinum með leifum af upphaflegum plastkössum og bergsýnunum. Flikrubergið frá Hvítserk var orðið að sandi en önnur sýni heilleg. Er hugsanlegt að hafnar- eða póststarfsmenn í Hamborg hafi sópað sandi af höfninni með íumpökkuninni? Erfitt er um slíkt að spá en fljótið Elba, sem rennur til Norðursjávar um Hamborg, á upprunasvæði á Miðlífsaldarbergi í austurhluta Þýskalands.

Meðalaldur hinna 32 zirkona er 12.5 ± 0.1 Ma (2 \square ; sjá Terra-Wasserburg graf á mynd) og fellur sá aldur vel að jarðfræði Austfjarða. Jafnframt fellur hann vel að Ar/Ar aldursgreiningu frá Höfn í Borgarfirði (12.8 ± 0.1 Ma), sem liggur neðar í jarðlagastaflanum og að 13.1 ± 0.2 Ma gömlu flikrubergi sem liggur enn neðar, sunnan Húsavíkur (Martin et al. 2011). Í framhaldi af þessum nýju niðurstöðum hófst samstarf við Vanderbilt háskólanum í Tennessee, BNA, og var 243 zirkonum safnað sitt hvoru megin við Hvítserk, úr árseti Stóru-Ár í Breiðuvík og ármótum Krossár og Kækjudalsár syðst í dalnum inn af Borgarfirði eystra, og þeir aldursákvarðaðir (Carley et al. 2017). Allir eru þeir af aldrinum 12-14 Ma, með lágt $\delta^{18}\text{O}$ og Hf samsætuhlutföll í aett við þau sem mæld hefa verið í zirkonum úr íslensku storkubergi. Hvorki finnast því ummerki um zirkona frá Miðlífsöld né zirkonar með samsætuhlutföll meginlandsskorpu. Nýlegri aldursákvarðanirnar sýna aftur á móti að kíslík bergkvika gaus á Víknaslóðum í um og yfir hálfa milljón ára.



Vorráðstefna Jarðfræðafélags Íslands
10. mars 2023

Heimildir:

- Carley, T.L., Miller, C.F., Sigmarsdóttir, O., Coble, M.A., Fisher, C.M., Hanchar, J.M., Schmitt, A.K., and Economos, R.C. 2017. Detrital zircon resolve longevity and evolution of silicic magmatism in extinct volcanic centers: A case study from the East Fjords of Iceland. *Geosphere* 13, 4, doi:10.1130/GES01476.1.
- Martin, E., Paquette J.L., Bosse V., Ruffet G., Tiepolo M. and Sigmarsdóttir, O. 2011. Geodynamics of rift-plume interaction in Iceland as constrained by new $^{40}\text{Ar}/^{39}\text{Ar}$ and in situ U-Pb zircon ages. *Earth Planet. Sci. Lett.* 311, 28–38.
- Paquette, J.-L., Sigmarsdóttir, O. and Tiepolo, M. 2006. Continental basement under Iceland revealed by old zircons. *Eos Trans AGU*, 2006AGUFM.V33A0642P.

Safn íðorða og hugtaka í skjálftafræði og tektóník

Páll Einarsson

Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands

Kynnt er um þessar mundir safn íðorða og hugtaka í skjálftafræði og tektóník sem hefur orðið til við kennslu við Háskóla Íslands á löngu tímabili, 1977-2020. Við kennslu kemur oft í ljós bryн þörf fyrir orð á íslensku yfir þau hugtök sem notuð eru í fræðunum, orð sem ekki eru til eða þörf er að endurbæta. Málið hefur öðlast vaxandi þýðingu síðustu árin. Það hefur verið stefna í Jarðvísindadeild HÍ að grunninum til BS-gráðu fari fram á íslensku en framhaldsnám til MS- og PhD-gráðu á ensku eftir því sem við á. Æ fleiri akademískir starfsmenn háskólanna eru af erlendum uppruna og þurfa nauðsynlega að hafa íðorðasöfn við hendina við vinnu sína í íslensku umhverfi. Talsverður hluti kennslu í jarðvísindum fer fram ýmist á ensku eða íslensku, og fyrir blandaðan nemendahóp. Íslenskan á þar mjög undir högg að sækja. Miklu skiptir að íslensk orð séu til um helstu hugtök í fræðunum og að þau séu vel aðgengileg og þjál í notkun. Hið sérstaka samband milli jarðvísindamanna og almenninga á Íslandi, sem skapast hefur vegna nábýlis við endurteknar náttúruhamfarir, undirstrikar enn fremur nauðsyn þess að hægt sé að tjá sig um náttúrufyrbrigði á kjarnyrtu íslensku máli sem almenningur skilur.

Víða hefur verið leitað fanga og fyrirmynna. Orðaskrá Eðlisfræðifélagsins og Íðorðabankinn (idord.arnastofnun.is) hafa verið drjúgar uppsprettur, en einnig plögg frá Orðanefnd byggingarverkfræðinga sem Einar B. Pálsson stýrði um árabil. Talsverður hluti orðanna á listanum eru nýyrði, sum orðin til eftir talsverða yfirlegu. Þau hafa fæst verið notuð mikið í skrifuðum texta, utan kennslugagna, og hafa því ekki fengið þá slípun sem æskilegt væri. Framtíðin verður að skera úr um það hvort þau eru nothæf eða yfirleitt gagnleg. Þetta orðasafn er vinnuplað í stöðugri endurskoðun. Safninu hefur, þangað til nýlega, aðeins verið dreift til nemenda og sérstaks áhugafólks. Það hefur nú verið sent til víðari hóps fólks og verður gert aðgengilegt á vefsíðu Jarðfræðafélgs Íslands. Í núverandi safni hefur verið bætt við skýringarmyndum og venslamyndum til nánari skýringar á hugtökum og venslum þeirra.

Notendur eru vinsamlegast beðnir að láta vita ef þeir finna villur eða hafa tillögur um endurbætur eða viðbætur (palli@hi.is).

Í safninu eru um 250 íðorð, gömul og ný. Við gerð safnsins hefur þess verið gætt að orðin falli vel að íslensku máli, séu gegnsæ og skýri sig helst sjálf. Flestum orðunum fylgir skilgreining þess hugtaks sem það er notað um. Einnig fylgir flestum orðunum dæmi um notkun. Ef við á, eru tiltekin samheiti, þ.e. önnur orð sem notuð hafa verið um sama hugtak. Þá er í listanum enska fræðiorðið sem næst kemst merkingu íslenska íðorðsins. Í stöku tilfellum getur verið að ekki sé til hentugt orð á ensku sem samsvarar nákvæmlega íslenska orðinu. Það er nefnilega stundum auðveldara að hanna gegnsætt hugtakakerfi á íslensku en ensku. Í ensku tildekkast mjög að byggja fræðiorð á grískum og latneskum orðstofnum, sem er nánast óþekkt í íslensku. Pennan kost íslenskunnar er sjálfsagt að nýta við íðorðagerð.

Safnið er fjórskipt. Í fyrsta hlutanum eru íslensk íðorð og skilgreiningar hugtakanna, raðað eftir stafrófsröð. Í öðrum hlutanum er ensk-íslenskur orðalisti, raðaður eftir stafrófsröð ensku orðanna. Í þriðja hlutanum eru hugtakaflokkar þar sem orð um skyld hugtök eru flokkuð saman. Í fjórða hlutanum eru skýringamyndir og venslamyndir sem vísað er til í textanum.

Stóri-Hamradalur í Móhálsadal á Reykjanesskaga - Útdráttur

Páll Imsland

Afdankaður jarðfræðingur heima hjá sér

Stóri-Hamradalur er tektónískur smádalur í Móhálsadal á Krísvíkur-sprungureininni á Reykjanesskaga.

Stóri-Hamradalur er um 1,5 km á lengd, upp undir 400 m á breidd og um 10-15 m djúpur að austanverðu, en þar eru hlíðar hans lægstar. Austurhlíð dalsins er þverhnýptur misgengisstallur gerður úr hrauni um miðbik dalsins en móbergi til beggja enda. Vesturhlíð dalsins mynda aflíðandi móbergsbrekkur sem eru hluti af Núpshlíðarhálsi og eru ekki sýnilega brotnar af misgengjum. Stóri-Hamradalur er lokaður dalur og eru móbergsþróskuldar í báðum endum hans. Botn dalsins er flatur og hallalaus og er að mestu leyti þakinn hrauni, Ögmundarhrauni.

Austurbrún dalsins, misgengisstallurinn, er gerður úr móbergi og þykku grófstuðluðu hraunstáli. Þessar bergmyndanir eru þaktar af Ögmundarhrauni, sem er örþunnt á brún misgengisins, aðeins einhverjir tugir sentimetra þar sem það er þynnst.

Fyrir myndun misgengisins hefur verið þarna opin nokkurra tuga sentimetra víð gjá. Í Ögmundarhraunsgosinu, hefur hraunið runnið í gjána og fyllt hana. Seinna, kannski á meðan hrina Krísvíkureldanna var enn að, hefur vesturbakki gjárinnar og landið vestan hans sigið um marga metra, 10-15, og Stóri-Hamradalur orðið til. Botn dalsins er þakinn Ögmundarhrauni.

